

Vorskýrsla skólasafns Brekkuskóla 2025-2026

Samantekt þessari er ætlað að veita upplýsingar um skólasafn Brekkuskóla, starfsemi og nýtingu safnkosts.

Í skólanum eru um 420 nemendur og 75 starfsmenn. Safnstjóri er Sigríður Margrét Hlökkversdóttir, netfang: sikhlo@akmennt.is og starfsmaður á safni er Gunnar Orri Árnason, netfang: gunnararna@akmennt.is.

Safnstjóri heldur úti samskiptasíðu á Facebook og vefsíðu *Gaman og gagn á skólasafni* <https://gamanoggagn.wordpress.com/>.

Skólasafn Brekkuskóla

Skólasafnið í Brekkuskóla er staðsett á miðhæð við aðalinngang. Safnið er 107,7 fermetrar með sætum fyrir 16-25 nemendur. Á safninu eru 16 borðtölvur. Námsgögn, grunnbækur, námsspil, vasareiknar og fartölvur fyrir nemendur á mið- og unglingastigi eru lánuð út af safninu. Gögn þessi eru ýmist lánuð yfir önnina eða allt skólaárið. Auk þess geta nemendur og starfsfólk fengið lánaðar bækur til frístundalesturs. Útlánatími er þá þrjár vikur en auðvelt er að endurnýja útlán eftir þörf hverju sinni. Að vori þegar skóla lýkur þarf að skila öllum gögnum sem skráð eru á safnið. Yfir sumarið er nemendum ráðlagt að leita til Amtsbókasafnsins.

Safnið er opið á skólatíma frá 8-16. Námsaðstaða er fyrir nemendur og eru nemendur á unglingastigi sérstaklega hvattir til að nýta aðstöðuna ef eyður eru í stundaskrá. Kennarar geta nýtt sér skólasafnið sem framlengingu á eigin skólastofu og komið með hópa í verkefnavinnu í samráði við safnstjóra. Safnið er opið fyrir útlán þó svo að þar séu hópar við nám undir handleiðslu kennara eða á eigin vegum. Mikilvægt er að ganga alltaf rólega um safnið og sýna tillitssemi svo þar sé þægilegt að vera.

Safnkostur

Safnkostur er skráður í Landskerfi bókasafna sem er aðgengilegur á netinu. Leitarsíða Brekkuskóla á Leitir.is er:

https://brekkuskoli.leitir.is/discovery/search?vid=354ILC_GRUNNSK:03079

Safnkostur er byggður upp í samstarfi við nemendur, kennara, stjórnendur og foreldra. Bókum er raðað eftir flokkunarkerfi Dewey en þá er fræðiritum raðað eftir efni og skáldritum eftir höfundum. Sú breyting varð á safnkosti að Byrjendalæsisbækur eru skráðar á LESVER sem er staðsett í stofu á fyrstu hæð. Staðsetningin gerir bókakostinn aðgengilegri fyrir kennara yngsta stigs.

Veturinn 2025 – 2026 var áfram lögð áhersla á að kaupa bækur til ánægjulestrar fyrir öll stig. Handbækur og fræðibækur fyrir kennara voru keyptar eftir þörfum ásamt námsspilum. Heildarframlag til skólasafnsins árið 2025 var 1.445.384 kr.

Safninu berast oft gjafir, frá nemendum, foreldrum og starfsfólki, sem koma sér afar vel fyrir lánþega safnsins. Auk þeirra barst árið 2025 eins og undanfarin ár gjöf frá *Foreldrafélagi Brekkuskóla* sem færði skólasafninu bækur að andvirði um 150.000 kr. fyrir jólin 2025.

Í eftirfarandi töflu má sjá samsetningu safnkosts.

Safngögn - eintök	Eign í byrjun 2025	Eign í lok 2025
Fræðibækur og skáldsögur	27.627	26.419
Tímarit	270	204
Hljómdiskar	57	57
Hljóðbækur (Snælda, AUDSP, CDSPO, MP3)	171	10
Mynddiskar, DVD og myndbönd	116	115
Tölvuforrit	35	34
Gagnasamstæður	36	37
Möppur	44	42
Ljósmyndir og nótur	5	5
Spil	388	425
Vasareiknar		293
Fartölvur		106
Chromebook		289
Spjaldtölvur		118
Heyrnartól		120
Tímavakar		32
Tæki og ýmis búnaður	964	561
Samtals	29.713	28.867

Notkun safnkosts og lán milli safna

Heildarfjöldi útlána var 10.048. Útlán á bókum voru bæði innan skólans, heim til nemenda og milli safna. Útlán af safninu voru svipuð fyrra skólaári. *Amtsbókasafnið á Akureyri* hafið milligöngu um bækur á erlendum málum frá *Bókasafni Móðurmáls - Móðurmál, samtök um tvítyngi* í vetur. Reyndist það fyrirkomulag mjög vel.

Stefnumótun og starfsáætlun

Á hverju hausti er gerð starfsáætlun fyrir safnið, þá eru viðburðir settir upp í tímalínu,, hún síðan send til kennara í tölvupósti. Haldið var áfram við endurskoðun bókalista sem tengjast áhugasviði nemenda. Listarnir eru notaðir til stuðnings við leit að efni til yndislesturs og verkefnavinnu. Efnisflokkar fyrir miðstig eru: daglegt líf á 20. öld, draugar og hryllingur, dýr sem aðalpersónur, hestar, hundar, hversdagssögur, íþróttir, kisur, klassík, stríðni og einelti, sorg, sögulegar skáldsögur, tímaflakk, umhverfisvernd, vinátta, vísindalæsi, víkingar og fornaldir, þjóðsögur og ævintýri. Auk þess voru bækur flokkaðar eftir Lixstuðli sem hægt er að nota til að fá hugmynd um hversu auðvelt eða erfitt er að lesa texta. Flokkunin byggist á meðaltali orða í setningu og hlutfalli langra orða (fleiri en 6 bókstafir).

Lestrarhvatningarverkefni

Í haust tók skólinn þátt í keppninni Svakalegasti lestrarskóli landsins. „Svakalega lestrarkeppnin er lestrarátak fyrir 1. – 7. bekk um land allt. Allir skólar á landinu geta tekið þátt og keppa um það hver les mest á tímabilinu 15. september til 15. október. Skólar skrá niður hversu lengi nemendur lesa og senda inn tölur í lok október. Skólinn sem les í flestar mínútur sigrar keppnina og hreppir titilinn Svakalegasti lestrarskóli landsins,“ Nemendur í 2., 4., 5. og 6. bekk tóku þátt í lestrinum og lásu samtals 110.364 mínútur. Bekkirnir fengu viðurkenningu fyrir þátttökuna afhenta á söngsal sem haldin var í tengslum við Dag íslenskrar tungu og upphafi upplestrarkeppni í 4. og 7. bekk.

Nemendum í fyrsta til fimmta bekk var boðið upp á Jólasveinalestur. Kennarar fengu bækurnar sendar í stofur og gátu þá aðstoðað nemendur við val á bókum. Lesa þurfti 5 bækur til að mega draga sér jólasveinaviðurnefni og fá viðurkenningarskjal sem stafesti lesturinn og viðurnefnið. Aðrir nemendur skólans máttu taka þátt í lestrinum en þá með því að velja sér jólabækur á bókasafninu. Nemendum fyrsta bekkjar var boðið upp á að draga viðurnefni úr jólasveinunum 13 en aðrir nemendur drógu sér viðurnefni úr gömlu jólasveinunum.

Í vetur var áfram unnið með Ljóð vikunnar og þau hengd upp á miðvikudögum á göngum skólans. Auk þess voru myndir af bókakápum hengdar upp á veggspjöld til að kynna nýjar og vinsælar bækur mánaðarins fyrir nemendum. Kápunum var skipt út einu sinni til tvisvar í mánuði fyrir nýjar.

Einnig voru bókahillur, sem nemendur gátu valið sér bækur til ánægjulesturs, á öllum hæðum. Fjölbreytt efni var í boði, fræðibækur, skáldrit og myndasögur. Efninu var skipt út u.þ.b. mánaðarlega yfir veturinn til að draga athygli nemenda að hillunum.

Samstarf

Starfsfólk barnabókasafna á Eyjafjarðarsvæðinu eru með sameiginlegan vettvang til samstarfs og eru með netfangið starfsfolkskolasafnaey@akureyri.is. Reglulegt samstarf hefur verið, fundað einu sinni í mánuði og flytjast fundirnir á milli skólanna.

Að lokum

Útlán af safninu voru svipuð í vetur og á síðasta skólaári. Auk þess komu nemendahópar mikið á safnið til að lesa, spila og teikna. Í vetur tókst hvorki að gera sýnilegra að starfsfólk les né að tengja skólasafnið betur við heimilin, það er því áfram tækifæri fyrir næstkomandi vetur að vinna með þá þætti. Starfsemi safnsins er í stöðugri þróun.

Skólasafn starfsáætlun 2025-2026

	Áætlun um viðburði og verkefni sem tengjast skólasafninu	Verkefni
Ágú.	Skipulagsvinna, frágangur og útlán bóka. Nýjar bækur kynntar.	Sumarlestur (viðurkenningar) Uppstilling á bókum.
Sep.	8. sept. Dagur læsis. 16. sept. Dagur íslenskrar náttúru. (laugardagur) https://vefir.mms.is/dagsins/dagur_isl_natturu/index.html https://landvernd.is/ https://islensktalmanak.wordpress.com/dagar/dagur-islenskrar-natturu/ 26. sept. Evrópski tungumáladagurinn. https://edl.ecml.at/Home/tabid/1455/language/is-IS/Default.aspx https://vigdis.hi.is/	Afhending viðurkenninga fyrir sumarlestur. Uppstilling á bókum (náttúrufræðingu r skólans) Uppstilling texta á ýmsum Evrópskum tungumálum (lukkuhjólíð).
Okt.	5.-11. okt. Vika bannaðra bóka til að minna á tjáningarfrelsið og frelsi til að lesa. https://www.ala.org/advocacy/bbooks https://bannedbooksweek.org/ 24. okt. Skáld í skólum – Brennum þessar bækur Bergrún Íris og Elísabet Thoroddsen - Rithöfundasamband Íslands	Uppstilling á bókum sem hafa verið bannaðar. 9. bekkur aflar upplýsinga og kynnir bækur sem hafa verið bannaðar.

	27. okt. Alþjóðlegi bangsadagurinn. https://kennarinn.is/download/bangsadagurinn-2/ 31. okt. Hrekkjavaka https://is.wikipedia.org/wiki/Hrekkjavaka https://islensktalmanak.is/dagar/hrekkjavaka/	Uppstilling á bangsabókum - Bangsaverkefni. Uppstilling á draugasögum.
Nóv.	8. nóv. Baráttudagur gegn einelti https://gegneinelti.is https://www.youtube.com/watch?v=kfX56SoTNu4 10. – 16. nóv. Norræn bókmenntavika. <i>pema ársins: Samheldni á Norðurlöndum.</i> https://www.nordisklitteratur.org/is/ 16. nóv. Dagur íslenskrar tungu (sunnudagur). https://vefir.mms.is/dagsins/dag_isl_tung/index.htm https://jonashallgrimsson.is/index.php?page=dagur-islenskrar-tungu 17. nóv. Jólalestur hefst. 20. nóv. Ævar Þór Benediktsson - upplestur 20. nóv. Dagur mannréttinda barna https://barnasattmali.is/ https://barnaheill.is/dagur-mannrettinda-barna/	Bókum sem tengjast góðum samskiptum stillt upp á safninu. Norrænum bókum og fánum stillt upp á safninu. Tungubrjótar (lukkuhjólíð). Jólabækur teknar fram, sendar í stofur og stillt upp á safninu. Bókum um réttindi barna stillt upp á safninu.

<i>Des.</i>	1. des. Fullveldisdagurinn. https://www.stjornarradid.is/rikisstjorn/sogulegt-efni/heimastjorn-1904-1918/leidin-til-sjalfstaedis/ Bókakynningar. Rithöfundaheimsóknir. 19. des. Litlu jólin.	Kynning á sögu Íslands. 10. bekkur kynnir nýjar bækur fyrir yngri nemendum. Höfundar kynna bækur sínar. Listi yfir jólasögur til upplestrar lagður fram.
<i>Jan.</i>	6. jan. Prettándinn. 23. jan. Bóndadagur – upphaf Þorra.	Nýjar bækur settar í forgrunn. Jólabækur teknar úr sýningu. Þjóðsögur/ævintýri
<i>Feb.</i>	11. feb. Dagur íslenska táknmálsins. https://mms.is/frettir/dagur-islenska-taknmalsins https://www.deaf.is/utgafa/myndbond/biodagur-dagur-islenska-taknmalsins 16. feb. Bolludagur. 17. feb. Sprengidagur. 18. feb. Öskudagur. 21. feb. Dagur móðurmálsins (laugardagur). https://unesco.is/althjodadagur-modurmalsins/	Uppstilling á bókum sem tengjast táknmáli og tungumálum. Áhersla á sögur sem tengjast dögunum.

	http://tungumalatorg.is/ 22. feb. Konudagur – upphaf Góu (sunnudagur).	Áhersla á fjölbreytt tungumál. Þjóðsögur/ævintýri
<i>Mars</i>	14. mars. Pí dagurinn - dagur stærðfræðinnar. https://www.idm314.org/ Stóra upplestrarkeppnin 7. bekkur. Litla upplestrarkeppnin 4. bekkur. Bókaverðlaun barnanna.	Uppstilling á bókum sem tengjast stærðfræði. Upplestur – ljóð hvatning. Veggspjald með barnabókum. (kosning).
<i>Apr.</i>	2. apríl Dagur barnabókarinnar. (Skírdagur) https://ibby.is/vidburdir/dagur-barnabokarinnar/ https://mms.is/frettir/althjodlegur-dagur-barnabokarinnar	(Upplestur á Rás 1)
<i>Mái</i>	Samantekt, skil, frágangur og mat.	
<i>Júní</i>	Skil, frágangur og mat.	
	Önnur verkefni sem dreifast yfir skólaárið	
	✓ Læsisstefna https://www.brekkuskoli.is/static/files/Myndir/laesi/uppflaesisstefna-april2025-.pdf ✓ Lestrarmenning	Myndir af bókum hengdar upp á göngum skólans og kynntar á safninu.

	https://mms.is/sites/mms.is/files/40_hugmyndir_hires.pdf ✓ Bókalistar, verkefnavinna og upplýsingaleit. ✓ Vakin athygli á bókum og lestri. ✓ Lestrarhvatning (Disney-, dreka-, ævintýra-, sjóræningja-, Herramanna- og jólalestur). https://gamanoggagn.wordpress.com/ ✓ Afmælis dagar rithöfunda. ✓ <i>Ljóð vikunnar.</i> ✓ KrakkaRúv notað til að tengja starfið við mál líðandi stundar og vakin athygli á bókum tengdum þeim. https://www.ruv.is/utvarp/flokkur/krakkaruv List fyrir alla þar er höfuðáhersla lögð á list fyrir börn og list með börnum. https://veita.listfyriralla.is/bokmenntir-2/	(Topplistar, þemalistar). Bækur teknar til á bókavagna sem fara í stofur. Topp 10 bækur (skipta mánaðarlega) Lestrarheilræði/ Smáskilaboð. Viðurkenningar fyrir lestur. Uppstilling á bókum rithöfunda á afmælisdegi þeirra. Ljóð vikunnar hengt upp á göngum skólans. Hengja upp á vegg lýsingu á því hvað er lesið.

	Hugmyndir í þróun	
	✓ Tenging við heimili. ✓ Uppáhalds bækur starfsfólks.	Þjóða forráðamönnum að koma á samtalsdegi og velja með barninu bók til að lesa. Skrifa sameiginlega umsögn um bókina. Hengja upp mynd af starfsfólki með bók sem það mælir með.

Aðfangastefna skólasafns Brekkuskóla 2024-2029

“Velja, viðhalda og varðveita aðgang að þekkingu og menningu” (IFLA)

Aðfangastefna er hjálpartæki við uppbyggingu safnsins og viðhaldi þess. Hér fyrir neðan er viðmið varðandi innkaup og grisjun. Stefna þessi er endurskoðuð á 5 ára fresti. Hér fyrir neðan er stefna safnsins 2024 til 2029.

Það sem hafa þarf í huga við **innkaup**:

Ef mikil eftirspurn myndast eftir bók eru keypt fleiri eintök ef þörf krefur. Hafa má í huga að smá saman, með gjöfum, eykst fjöldi vinsælla bóka. Auk þess þarf að leitast við að endurnýja vinsælar bækur og Byrjendalæsisbækur eftir þörfum. Varðandi spil til náms og skemmtunar að endurnýja þau eftir þörfum og kaupa a.m.k. 5 ný spil á ári.

Flokkur	Innkaup á nýjum bókum fyrir safnið:	Hámarkskaup
A	Vinsælustu bækur og bókaflokkar í hverju sinni.	3-6 eintök
B	Íslenskar barna-og unglingabækur (sem ekki falla undir flokk A)	1 eintak
C	Þýddar barna-og unglingabækur (sem ekki falla undir flokk A)	1 eintak
D	Fræðibækur	1-2 eintök
E	Byrjendalæsisbækur	5 eintök
F	Skáldsögur á ensku	1-2 eintök

Hafa þarf í huga varðandi **gjafir**:

- að gæta þagmælsku við móttöku gjafa.
- að þiggja gjafir nema þær séu gefnar með skilyrðum.
- að í sérstökum tilfellum eru gjafir merktar gefanda það á við um sjaldgæft efni eða efni sem hefur sérstaka þýðingu fyrir skólann og nærsamfélagið.

Grisjun felur í sér að fjarlægja efni af safninu sem ekki passar við safnkostinn. Tilgangur hennar er að:

- Spara pláss.
- Spara tíma starfsfólks og notenda.
- Gera safnið meira aðlaðandi.
- Auka trúverðugleika safnsins með því að fjarlægja úreltar upplýsingar.
- Gefa mynd af safnkostinum, styrkleikum hans og veikleikum.

Það sem hafa þarf í huga við **grisjun**:

Grisjaðar og afskrifaðar eru:

- Bækur sem eru illa farnar, rifnar og skítugar.
- Bækur sem hafa ekki farið í útlán í 4 ár.
- Bækur sem eru til í fleiri en einu eintaki en hafa ekki verið lánaðar út í 2 ár – afskrá aukaeintök.
- Bækur sem innihalda efni sem er óviðeigandi fyrir grunnskólabörn.

Nauðsynlegt er að hafa í huga útgáfuár og Dewey flokkstölur þegar grisjað er. Sjá töflu:

Flokkstala	Árafjöldi
000	2-10 ár
100	10 ár
200	2-10 ár
300	5-10 ár
400	10 ár
500	5-10 ár
600	5-10 ár
700	5-15 ár
800	10 ár - Mismunandi - skáldsögur
900	15 ár
920-921	10+ ár - Ævisögur mismunandi
	5-7 ár - Handbækur meta hverja og eina
	5 ár - Tímarit

Auk þess þarf að hafa í huga hvort komnar séu nýrri útgáfur sem nýtast í stað þeirra sem grisjaðar eru. Undanþegin grisjun eru safngögn með sérstaka þýðingu fyrir safnið og nærsamfélagið óháð útlánatíðni.

Áherslur næstu ár:

Skólaár	Áhersla
2024-2025	Grisja úr ensku og kaupa nýjar bækur, bækur fyrir Byrjendalæsi og skáldsögur á ensku. Leggja áherslu á að endurnýja spil.
2025-2026	Grisja og kaupa bækur fyrir náttúrufræði, vinsælar skáldsögur, bækur fyrir Byrjendalæsi.
2026-2027	Grisja úr landafræði og kaupa nýjar bækur, bækur fyrir Byrjendalæsi og endurnýja vinsælar bækur.
2027-2028	Grisja úr sögu, ævisögur og kaupa nýjar bækur, bækur fyrir Byrjendalæsi og endurnýja vinsælar bækur.
2028-2029	Grisja úr handbókum kennara og kaupa nýjar bækur, bækur fyrir Byrjendalæsi og endurnýja vinsælar bækur. Leggja áherslu á að endurnýja spil.